STJÓRNARTÍÐINDI B 162 – 2004

22. desember 2004 2615 Nr. 1025

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Bíldshöfði 6.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 30. september 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir Bíldshöfða 6.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Norðurstígsreitur, 1.132.0, Nýlendugata 5a.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd Reykjavíkur, þann 24. nóvember 2004 breytingu á deiliskipulagi fyrir Norðurstígsreit vegna lóðarinnar Nýlendugötu 5a.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 22. desember 2004.

Helga Bragadóttir skipulagsfulltrúi.

22. desember 2004 Nr. 1026

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 669, 12. ágúst 2004, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2004/2005.

1. gr.

Á töflu í 2. gr. reglugerðarinnar verða eftirfarandi breytingar:

a. Leyfilegur heildarafli fyrir ýsu (2) verður 90.722 lestir, sbr. 1. tl., og til línuívilnunar koma 1.472 lestir, sbr. 7. tl.

b. Leyfilegur heildarafli fyrir steinbít (4) verður 13.044 lestir, sbr. 1. tl., og til línuívilnunar koma 944 lestir, sbr. 7. tl.

Gutenberg

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 22. desember 2004.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

Nr. 1027 22. desember 2004

REGLUR

um flokkun mjólkur og verðfellingar vegna líftölu, frumutölu og lyfjaleifa.

1. gr.

Verðlagsnefnd búvöru hefur ákveðið flokkun og verðfellingar mjólkur með bactoscan-mælingum vegna líftölu (gerlatölu) eftirfarandi:

1. flokkur	≤ 400.000	Verð skv. lágmarksverði, 1. flokks mjólk.
2. flokkur	> 400.000 og ≤ 600.000	2% verðfelling af lágmarksverði mjólkur.
3. flokkur	> 600.000 og ≤ 3.000.000	5% verðfelling af lágmarksverði mjólkur.
4. flokkur	> 3.000.000	8% verðfelling af lágmarksverði mjólkur.

Taka skal a.m.k. eitt sýni hjá hverjum framleiðanda í hverri viku. Fyrir hvert sýni sem fer í 2. flokk, skal verðfellt um 2%, í 3. flokk skal verðfellt um 5% og fyrir hvert sýni sem fer í 4. flokk skal verðfellt um 8%. Samanlögð prósenta einstakra flokka skal gilda sem heildarverðfelling fyrir allt mjólkurmagn framleiðandans í mánuðinum. Verðfelling fyrir hvern lítra mjólkur skal reiknuð af lágmarksverði sem gildir á hverjum tíma.

2. gr.

Þá hefur verðlagsnefnd búvöru einnig ákveðið flokkun og verðfellingar mjólkur með frumutölu sem hér segir:

1. flokkur	≤ 400.000	Verð skv. lágmarksverði 1. flokks mjólk.
2. flokkur	> 400.000 og ≤ 600.000	1% verðfelling af lágmarksverði mjólkur.
3. flokkur	> 600.000	3% verðfelling af lágmarksverði mjólkur.

Verðfelling miðast við margfeldismeðaltal mánaðar og að það hafi farið tvo mánuði í röð upp fyrir mörk 1. flokks og þá er reiknuð verðfelling fyrir innlegg síðasta mánaðar miðað við flokkun þess mánaðar.